

Ed.

## 187. Breytingartillögur

[111. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. Í 1. gr. komi: 1 750 m.kr. — í stað „3 000 m.kr.“
2. 2. gr. frv. orðist svo:

12. gr. laga nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., orðist svo:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Til þess að treysta afkömu bænda og stuðla að framförum í landbúnaði í samræmi við þjóðhagsleg markmið og markaðsaðstæður skal ríkissjóður leggja Framleiðsluráði landbúnaðarins til fé á hverju ári næstu 4 ár sem reiknast með eftirgreindum hætti, sbr. næstu mgr., og sé ráðstafað af Framleiðsluráði landbúnaðarins eins og segir í 4. mgr. þessarar greinar.

Ríkissjóður skal greiða Framleiðsluráði landbúnaðarins framleiðslu- og framfarastyrk á næstu 4 árum, sem hér segir:

Fyrir framleiðsluárin 1979—80 og 1980—81: 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsár.

Fyrir framleiðsluárið 1981—82: 9% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 9% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Fyrir framleiðsluárið 1982—83: 8% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 8% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Með heildarverðmæti er átt við það verð, sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Hagstofa Íslands reiknar fjárhæð þá, er ber að greiða Framleiðsluráðinu vegna ákvæða 2. mgr. þessarar greinar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ráðstafað þessum framleiðslu- og framfarastyrk til eftirgreindra verkefna:

- a) til þess að greiða útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir skv. því sem segir í næstu mgr.;
- b) til þess að standa undir lánnum til afkomuþjófnum, sem ráðið kann að taka;
- c) til þess að greiða fyrir því að bændur geti hætt búskap;
- d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylraekt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

Við ákvörðun útflutningsbóta, sbr. staflið a í næstu málsgrein hér á undan, skal gilda eftirfarandi:

- a) Heildarupphæð þeirra má ekki nema meiru en 9/10 hlutum af framleiðslu- og framfarastyrkjum á framleiðsluárunum 1979—80 og 1980—81, 8/9 hlutum á framleiðsluárinu 1981—82 og 7/8 hlutum á framleiðsluárinu 1982—83.
- b) Útflutningsbætur ákveðast sem hlutfall af útflutningsverði og mega aldrei fara yfir 100% af útflutningsverði í hverri einstakri sölu.

Ríkisendurskoðun skal annast eftirlit með ráðstöfun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist:

og um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með síðari breytingum.